

Vænghaf flugvélar	Leiga á sólarhring	Leiga á mánuði
18—21 m	kr. 149.19	kr. 1085.00
21—24 —	— 189.88	— 1356.25
24—27 —	— 217.00	— 1627.50
27—30 —	— 244.13	— 1898.75
Yfir 30 —	— 271.25	— 2712.50

130

26. sept.

3. Stæðis- og festargjöld:

Stæðisgjald er ekkert fyrstu 6 klst. en fyrir næstu 24 klst. eða brot þar af, skulu greidd stæðisgjöld sem hér segir:

Vænghaf flugvélar	Leiga á sólarhring
Undir 12 m	kr. 27.13
12—18 —	— 54.25
18—24 —	— 81.38
24—30 —	— 108.50
Yfir 30 —	— 122.06

Sé um lengri tíma en viku að ræða, lækka stæðisgjöldin um 50% fyrir þann tíma, sem umfram er. Tjóðurhringir skulu vera fyrir hendi á öllum flugvélastæðum.

4. Gjald af flugvélabenzíni:

Af flugvélabenzíni, sem afgreitt er á flugvælinum eða frá honum skal greiða flugvælinum gjald, sem hér segir:

Á hvern benzínlítra	kr. 0.24
Á hvert U.S. gallon	— 0.92

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 7. gr. laga nr. 24 12. febrúar 1945, um flugvælli og lendarstaði fyrir flugvélar, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir flugvöllinn frá 24. marz 1947, ásamt breytingu á þeirra gjaldskrá með auglýsingu frá 27. apríl 1950.

Utánríkismálaráðuneytið, varnamáladeild, 26. september 1958.

Gylfi Þ. Gíslason.

Tómas Arnason.

AUGLÝSING

131

1. okt.

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Akraneskaupstað nr. 81 7. apríl 1945.

1. gr.

Úr fyrstu málsgrein 62. gr. falla niður orðin „á tímabilinu frá 1. maí til 20. október ár hvert“.

2. gr.

Úr 64. gr. falla niður orðin „tímabilið frá 1. apríl til 1. október ár hvert“.

3. gr.

Úr 67. gr. falla niður orðin „á þeim tíma, sem það er óheimilt samkvæmt áður sögðu“.

131

1. okt.

4. gr.

Í 70. gr. kemur í stað „100 krónum“: 1000 krónum.

Breyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dómsmálaráðuneytið, 1. október 1958.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

132

4. okt.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs hátaútvogsins.

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist tveir nýir liðir, svo hljóðandi:

XVI. flokkur: Skip 12—30 rúmlestir, sem veiðar stunda með handfærum.

XVII. flokkur: Skip yfir 30 rúmlestir, sem veiðar stunda með handfærum.

2. gr.

Töluliðir 6, 7, 8, 9, 10, 14, 15, 25, 26, 30 og 34 í b-lið 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

6. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar

1. janúar—15. maí

1. september—31. desember

7. svæði: Hafnarfjörður

1. janúar—15. maí

1. september—31. desember

8. svæði: Reykjavík

1. janúar—15. maí

1. september—31. desember

9. svæði: Akranes

1. janúar—15. maí

1. september—31. desember

10. svæði: a. Hellissandur

1. janúar—15. maí

b. Rif

1. janúar 15. maí

1. október—31. desember

c. Ólafsvík

1. janúar—15. maí

1. október—31. desember

14. svæði: Patreksfjörður og Tálknafjörður

1. febrúar—31. maí

1. október—15. desember